

## FRÁSÖGN

*af fundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins í Brussel 22. nóvember 2017.*

Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundinn Bryndís Haraldsdóttir, formaður, auk Bylgju Árnadóttur, ritara. Helstu mál á dagskrá fundarins voru mótun stefnu Vestnorræna ráðsins vegna áheyrnaraðildar að Norðurskautsráðinu og þemaráðstefna ráðsins í janúarlök 2018. Aðrir fundarmenn voru Inga Dóra Markussen, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Kári Páll Højgaard, formaður Vestnorræna ráðsins, og í síma voru einnig Aaja Chemnitz Larsen, starfandi formaður landsdeildar Grænlands, og Vilborg Ása Guðjónsdóttir, starfsmaður Vestnorræna ráðsins.

Vestnorræna ráðið fékk áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu í maí 2017. Strax í umsóknarferlinu var ákveðið að Vestnorræna ráðið tæki þátt í starfi vinnuhóps um sjálfbæra þróun (e. sustainable development working group). Inga Dóra Markussen, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, sagði frá þátttöku ráðsins í starfi Norðurskautsráðsins frá því umsóknin var samþykkt. Ákveðið hefði verið að hafa pólitíska þátttöku á fundum ædstu embættismanna Norðurskautsráðsins (e. Senior Arctic Officials) og að það yrði formaður Vestnorræna ráðsins sem tæki þátt í þeim ásamt framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórinn fór yfir þær þrjár hugmyndir sem uppi væru um verkefni sem Vestnorræna ráðið gæti beitt sér fyrir innan vinnuhópsins. Í fyrsta lagi væri það tillaga að úttekt á áfengis- og vímuefnanotkun ungmenna á norðurslóðum, að fyrirmynd íslenskra lýðheilsurannsókna meðal ungmenna. Inga Dóra sagðist hafa fengið góð viðbrögð frá fulltrúum annarra landa í Norðurskautsráðinu við þessari hugmynd og að brýn þörf væri á að gera rannsókn á stöðu þessara mála á svæðinu. Önnur verkefnatillagan sneri að samvinnu um myndun sjávarklasa á norðurskautinu að fyrirmynd Íslenska sjávarklasans á Granda í Reykjavík. Á vegum vinnuhóps um sjálfbæra þróun hefur verið stofnað verkefni um matvælaframleiðslu á norðurslóðum og gæti þessi hugmynd orðið þáttur í því. Tilgangurinn væri að stuðla að nýsköpun í atvinnurekstri og bættri nýtingu sjávarafurða. Þriðja tillagan væri að setja á fót miðlægt net þar sem smærri fyrirtæki gætu komist í samband við áhugasama fjárfesta og sótt um ráðgjöf eða fjármögnun. Mikil áhersla hefði verið á stór umbótaverkefni tengd innviðum á svæðinu en með þessu verkefni yrði áherslan á smærri fyrirtæki í dreifðari byggðum.

Í umræðum voru fundarmenn sammála um að setja aðaláherslu á tillöguna um rannsókn á áfengis- og vímuefnanotkun ungmenna á norðurslóðum. Vímuefnavandi ungmenna væri alvarlegur í mörgum byggðum á svæðinu en lítið væri um tölfræðilegar upplýsingar þar um. Ákveðið var að halda einnig áfram vinnu við hugmyndina um sjávarklasa á norðurskautinu. Verkefnatillagan um að tengja smærri fyrirtæki við fjárfesta þótti einnig mjög áhugaverð og ákveðið var að vinna áfram með hana innan Vestnorræna ráðsins.

Rætt var stuttlega um þemaráðstefnuna sem halda á í Ilulissat á Grænlandi í janúar 2018. Þemaefnið verður „Tækifæri og áskoranir í ferðaþjónustu á Vestur-Norðurlöndum“. Forsætisnefnd samþykkti endanlega dagsetningar ráðstefnunnar og flugáætlun vegna hennar. Ráðstefnan verður haldin dagana 29.-31. janúar. Í ljósi þess hve algengt er að flugvöllurinn í Nuuk lokist á þessum árstíma var ákveðið að fljúga beint til Norður-Grænlands í gegnum Kaupmannahöfn. Talað var stuttlega um þemað sjálft og ítrekað var mikilvægi þess að leggja áherslu á sjálfbærni í tengslum við ferðaþjónustu.

Ákveðið var að halda næsta fund forsætisnefndar hinn 18. desember í Kaupmannahöfn. Meginverkefni fundarins verður að velja nýjan framkvæmdastjóra til starfa fyrir ráðið. Inga Dóra Markussen hefur sagt stöðu sinni lausri og lýkur störfum í lok janúar 2018. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu [www.vestnordisk.is](http://www.vestnordisk.is).